

Byggingarfulltrúi
Borgarfjarðarhreppur
Hreppsstofa
720 Borgarfjörður (eystri)



Reykjavík 25. janúar 2017
UST201612-126/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing. Aðalskipulag Borgarfjarðarhrepps 2006 2016 tillaga að breytingu

Vísað er til erindis byggingarfulltrúa Borgarfjarðarhrepps er barst 14. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Borgarfjarðarhrepps 2004 - 2016

Skipulagssvæðið

Í lýsingu kemur fram að áætlað er að skilgreina 11 ha lóð í landi Geitlands í Borgarfirði Eystra sem iðnaðarsvæði en það var áður landbúnaðarsvæði. Einnig kemur fram að áætlað er að reisa vatnsátöppunarverksmiðju, og að áætlað er að bora fyrir vatni í landi Bakka sem er í eigu Borgarfjarðarhrepps. Áætlað er að vinna grunnvatn alls 2 l/sek. Eins og fram kemur í lýsingu fellur slík framkvæmd undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Umhverfisstofnun bendir á að verið er að taka stórt svæði og skilgreina það sem iðnaðarsvæði, en slík svæði eru ætluð fyrir mengandi starfsemi. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að rökstyðja skráningu svo stórs svæðis sem iðnaðarsvæði, enda er lóð til vatnsátöppunar sýnd einungis á enda svæðisins. Umhverfisstofnun bendir á að svæðið virðist, með væntanlegri starfsemi geta flokkast sem athafnasvæði, sjá skilgreiningu í skipulagsreglugerð:

e. Athafnasvæði (AT). Svæði fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfnast mikils rýmis, t.d. vinnusvæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér þungaflutninga, svo sem vörugeymslur og matvælaiðnaður.

f. Iðnaðarsvæði (I). Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólpdælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.


Umhverfisáhrif


Umhverfisstofnun tekur undir að helstu áhrif eru hávaði frá vinnslu og borun, frárennsli og hljóðvist. Umhverfisstofnun tekur undir að skoða þarf áhrif á vatnsból sveitarfélagsins.

Umhverfismat

Í lýsingu kemur fram að áætlaðar framkvæmdir falla undir lög um umhverfismat áætlaða þar sem framkvæmdin er í 1. viðauka í flokki B þar sem vinnsla grunnvatns eða íveita vatns í grunnvatn er minna en 300 l/sek meðalrennsli á ári. Í flokki B eru þær framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur